

Sept 2023

FRÉTTABRÉF

1st Edition

HVAÐ ER CE4RT?

Hringrásarhagkerfið fyrir nærandi ferðþjónustu (CE4RT - Circular economy for Regenerative Tourism) er samstarfsverkefni fimm evrópulanda og er stutt af Evrópusambandinu. Markmiðið er að geta stutt fjárhagslega við 80 fyrirtæki í þátttökulöndunum, þar af 16 fyrirtæki á Íslandi sem eru í þeirri vegferð að innleiða vottunarferli, uppfæra gæðakerfi, sækja sér sérfræðiráðgjöf í sjálfbærni og nærandi ferðþjónustu auk þess að efla tengslanet sitt þvert á fyrirtæki í þátttökulöndunum. Opnað verður fyrir umsóknarferli fyrir fyrirtækin í byrjun júní sem geta hvert um sig sótt um stuðning fyrir allt að 1,2mkr á verkefnatímabilinu. Íslenski ferðaklasinn er fulltrúi Íslands í verkefninu og tengiliður við íslensku fyrirtækin.

SAMSTARFSaðILAR CE4RT




MTU

Ollscoil Teicneolaíochta na Mumhan
Munster Technological University

MTU er háskóli á Írlandi sem leiðir verkefnið. MTU hefur lagt mikla áherlsu á kennsluefni og rannsóknir tengt nærandi ferðþjónustu og sjálfbærni. Aðilar á vegum MTU koma með tillögur að kennsluefni og uppbyggingu á verkefninu



Co-funded by the
European Union



FRÉTTABRÉF

Hlutverk Íslenska ferðaklasans í verkefninu er að styðja við 16 fyrirtæki í ferðapjónustu sem hver um sig getur sótt um stuðning að upphæð 8.000 evrur. Hlutverk Ferðaklasans er að efla samkeppnishæfni í íslenskri ferðapjónustu og stuðla að aukinni verðmætasköpun í greininni. Þetta verkefni er hluti að þeirri vegferð.




ÍSLENSKI
FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster



Danmar Computers Company var stofnað í Póllandi 1 maí 2000 en fyrirtækið styður við verkefnið með hugbúnaðarlausnum og tækni. Danmar sér um allt utanumhald á umsóknum og heimasíðu verkefnisins.

Comhaontas Turasóireachta Chorca Dhuibhne / Dingle Peninsula Tourism Alliance (CTCD/DPTA) er óhagnaðardrifið félag á Írlandi sem vinnur með litlum og meðalstórum ferðapjónustufyrirtækjum með það markmið að efla þau og styrkja í átt að öflugri rekstri. Hlutverk þeirra í verkefninu er að styðja við og finna fyrirtæki á svæðinu sem hefðu áhuga á að taka þátt í verkefninu.





FRÉTTABRÉF




The Tourism Space eru sérfræðingar í að leiða breytingar þegar kemur að sjálfbærri og nærandi ferðapjónustu. The Tourism Space stendur fyrir fræðslu, námskeiðum og úrræðum fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu sem hafa metnað til að ná enn lengra. Hlutverk þeirra í verkefninu er að koma inn með sérfræði reynslu og þekkingu á hringrásar, nærandi og auðgandi ferðapjónustu.

Samiedu eru finnskir samstarfsaðilar að verkefninu sem sérhæfa sig í menntun og þjálfun fyrirtækja og stjórnenda þegar kemur að sjálfbærni og jákvæðri þróun á samfélög. Hlutverk þeirra er að efla þekkingu og hæfni fyrirtækja sem þaka þátt í verkefninu.



Business Development Friesland eru Hollensku samstarfsaðilar verkefnisins og þeirra hlutverk er að styðja vð 16 fyrirætki frá Hollandi sem hafa metnað til að efla sig á sviði sjálfbærni og nærandi ferðapjónustu.



FRÉTTABRÉF

APPLY NOW

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Leitað er eftir fyrirtækjum sem eru á sjálfbærnivægferðinni og eru að leita eftir verkfærum til að:

- Auka sjálfbærni í rekstri
- Tækla loftlagsáskoranir
- Finna leiðir til að ná fram jafnvægi í nærsamfélaginu
- Bera virðingu fyrir menningarlegum verðmætum og sögulegu mikilvægi áfangastaða
- Ýtir undir ábyrga ferðahegðun
- Stunda ábyrga ferðaþjónustu í hvívetna

Virði fyrir þátttakendur á verkefnatímabilinu er m.a:

- Aðgengi að vinnustofum og „masterclass“ með áherslu á hringrásarhagkerfið og nærandi ferðaþjónustu
- Fjármagn sem hægt er að nýta fyrir sérfræðiaðstoð, vottun og ferli í átt að sjálfbærni
- Jákvæð þróun og jafnvægi í nærsamfélaginu
- Aukinn sjálfbær vöxtur og aukin verðmætasköpun